

Kársnesskóli – nýtt skólahúsnæði
við Skólagerði

FORSÖGN



Kópavogsbær

„Nemendur lögðu mesta áherslu á góðan vinnufrið, jákvæð samskipti og hæfilega stóra námshópa. Umgengni mátti bæta að dómi nemenda.

Nemendur voru yfirleitt þeirrar skoðunar að yngstu börnin, eða barnastigið eigi að vera í nýbyggingunni.

Leikvellir og frímínútur skipta nemendum miklu máli. Þeir vilja fleiri og lengri frímínútur og góða aðstöðu úti og setja fram óskir um fjölbreytt leiktæki (fleiri rólur, trampólín, klifurveggi, fleiri keppnisvelli, aparólu og aðstöðu fyrir hjólabretti).

Nemendur sjá nýja skólann fyrir sér sem rúmgóðan, litríkan og fallegan. Stofur verði bjartar og vel búnar húsgögnum og sófar á göngum.“

Nemendaping um nýja byggingu Kársnesskóla við Skólagerði

Efnisyfirlit

1.	Forsögn	7
1.1	Inngangur	7
1.2	Skóli án aðgreiningar	7
1.3	Vistvæn hönnun.....	7
	Lóð og umhverfismál.....	8
	Notkun vistvænna og endurnýtanlegra efna.....	8
	Hljóðvist	8
	Lýsing, rafmagn	8
	Tölvulagnir fyrir þráðlausa netsenda	8
	Tölvur og tölvulagnir í skrifstofurýmum, vinnurými kennara og bókasafni	9
	Tölvur og tölvulagnir í kennslurýmum.....	9
	Inntaksrými (tæknirými).....	9
	Tölvumiðstöð	9
	Orkunýting.....	9
	Loftgæði.....	9
	Brunavarnir	10
	Eftirlitsmyndavélar	10
1.4	Rými	10
	Aðalinngangur.....	10
	Rými til náms í grunnskóla	10
	Rými til náms í leikskóla.....	11
	Upplýsingaver	11
	Fjölnotalur	11
	Tónlistarkennsla	11
	List- og verkgreinarými.....	11
	Vísindasvæði	12
	Frístund/dægradvöl	12
	Eldhús.....	12
	Vinnuaðstaða stjórnenda	12
	Fundarherbergi og viðtalsherbergi.....	12
	Ritari.....	12
	Gagnasmiðja	12
	Skjalageymsla	12
	Skólaþjónusta og hjúkrunarfræðingur	13
	Skólahjúkrun og þjónustuherbergi fatlaðra	13

Vinnuaðstaða kennara	13
Starfsmannaaðstaða.....	13
Geymslur.....	13
Aðstaða húsvarða	13
Ræstinga og þvottaaðstaða.....	13
Skólalóðin.....	13
1.5 Tengsl við íþróttahús.....	14
1.6 Lög og reglugerðir	14

Formáli

Forsögn sem hér birtist lýsir hugmyndum um nýtt húsnæði Kársnesskóla sem reist verður við Skólagerði. Aðdragandi máls er að við lagfæringar vegna rakaskemmda í húsnæði skólans kom í ljós að húsið var í mun verra ásigkomulagi en talið var, sérstaklega suðurhlið skólans. Ákveðið var að flytja þyrfti kennslu úr húsnæðinu – þegar í stað. Stofnaður var starfshópur vorið 2017 sem hafði þrjúþætt hlutverk; að finna hentugt húsnæði til afnota fyrir kennslu til loka skólaársins vorið 2017, að finna hentugt húsnæði til kennslu fyrir haustönn 2017 og að móta framtíðarstefnu fyrir skólahúsnæði í Kársneshverfinu.

Starfshópurinn skilaði af sér eftirfarandi tillögum í júní 2017;

- Að bygging Kársnesskóla við Skólagerði verði rifin.
- Lagt er til að starfsemi skólans verði í Vallargerði á meðan byggingarframkvæmdir standa yfir, í húsnæði skólans þar og lausum kennslustofum.
- Starfshópurinn leggur til að nýr starfshópur verði skipaður til að vinna forsögn að hönnun nýrrar byggingar skólans til að leggja fyrir bæjarstjórn. Í starfshópnum sitji fulltrúar frá meirihluta og minnihluta í bæjarstjórn, skólastjóri, fulltrúar kennara, foreldra, menntasviðs og umhverfissviðs. Hópurinn myndi síðan áskilja sér rétt til að kalla til ráðgjafa, s.s. um hönnun skólabygginga og kennslufræði.

Bæjarráð skipaði nýjan stýrihóp 10. ágúst 2017. Hópurinn hefur það hlutverk að vera ráðgefandi við bæjarstjóra um byggingu nýs Kársnesskóla. Verkefni hópsins eru eftirfarandi:

- Leggja mat á þarfir nemenda, kennara, skólastjórnenda og foreldra vegna undirbúnings byggingar nýs skóla.
- Leggja mat á hagkvæmni við byggingu nýs skóla.
- Vinna úr þarfagreiningu og leggja fram forsögn að nýrri byggingu.
- Leita eftir samstarfi við sérfræðinga.

Stýrihópurinn skipa:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri og formaður hópsins
Björg Baldursdóttir, skólastjóri
Sigrún Eypórsdóttir, fulltrúi kennara
Örn Guðmundsson, fulltrúi foreldra
Ingunn Sif Isorena Þórðardóttir, fulltrúi nemenda
Margrét Friðriksdóttir, formaður menntaráðs
Auður Sigrúnardóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar
Birkir Jón Jónsson, fulltrúi Framsóknarflokks
Bergljót Kristinsdóttir, fulltrúi Samfylkingar
Steingrímur Hauksson, fulltrúi umhverfissviðs
Anna Birna Snæbjörnsdóttir, fulltrúi menntasviðs

Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar menntasviðs, er starfsmaður hópsins og Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, ráðgjafi. Haldin voru málþing með nemendum, starfsfólki, foreldrum og nærsamfélagi. Hugmyndir frá þessum þingum eru grunnur að þeirri forsögn sem hér er lögð fram. Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, kynnti rannsóknir um skipulag skólabygginga á fundi með hópnunum. Starfshópurinn fundaði 9 sinnum.

1. Forsögn

1.1 Inngangur

Skólahúsnæðið rís á lóð Kársnesskóla við Skólagerði og verður samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístund. Skólinn er ætlaður börnum á aldrinum eins til níu ára. Í skólanum á einnig að vera aðstaða fyrir tómstundastarf og tónlistarnám. Nýbyggingin verður reist með það fyrir augum að hún nýtist á marga vegu, „skólinn sem miðja samfélagsins“. Umhverfið er mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna. Í skólanum verða tvö skólastig og því mikilvægt að gera ráð fyrir teymiskennslu og samvinnunámsmöguleikum. Gert er ráð fyrir því að skólabyggingin rúmi um 400 börn. Leiksskólaláss fyrir 60–85 börn og yngsta stig grunnskóla 1.–4. bekk eða 300–350 nemendur.

Sveigjanleiki á að vera í forgrunni við hönnun skólans: Lögð er áhersla á að hægt sé að breyta húsnæði með fyrirhafnarlitlum hætti samhliða þróun starfsins – auðvelt á að vera að opna á milli kennslu-/námsrýma (færanlegir veggir). Gert er ráð fyrir miðrymum sem unnt verði að nota með sveigjanlegum hætti, sem og rýmum fyrir minni hópa.

Í samreknum leik- og grunnskóla er mikil þörf á samvinnu og samstarfi kennara, starfsfólks, foreldra og annarra sérfræðinga bæði í minni og stærri hópum. Í nýrri byggingu verður því sérstaklega hugað að góðri aðstöðu sem tekur tillit til þessara þarfa.

Í skólanum verður lögð áhersla á útinám og ber að huga að því við hönnun skólabyggingar og skólalóðar. Í allri hönnun skólans þarf að gera ráð fyrir þörfum barna frá eins til níu ára aldurs. Við hönnun byggingar verði þess gætt að óvissa er um íbúapróun á Kársnesinu og þarf því að vera auðvelt að byggja við skólann ef aðstæður krefjast þess. Nemendum gæti t.d. fjölgað mikið á skömmum tíma (jafnvel um 100 nemendur).

Við skipulag og hönnun skólans skal leitast við að tryggja börnum og starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og að starfsaðstaða sé í hvívetna til fyrirmyndar.

1.2 Skóli án aðgreiningar

Hanna skal bygginguna samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar (hönnun fyrir alla – aðgengi fyrir alla). Algild hönnun tryggir að fólki sé ekki mismunað um aðgengi eða almenna notkun bygginga á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr byggingum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. eldsvoða.

1.3 Vistvæn hönnun

Kársnesskóli er grænfánaskóli þar sem lögð er áhersla á að auka þekkingu nemenda, starfsmanna og annara sem að skólanum koma að sjálfbærum lífnaðarhátum. Sjálfbærni áherslur skólans taka mið af góðri umgengni í umhverfinu en ekki síður að hugað sé að félagslegum þáttum. Við undirbúning, hönnun og byggingu skólans verður tekið mið af þessum áherslum skólans og horft til alþjóðlegra umhverfis- og hönnunarstaðla ásamt íslenskra aðstæðna og reglugerða. Tekið verður mið af sjálfbærni þar sem leitast verður við að takmarka umhverfis- og kolefnisáhrif byggingarinnar eins og kostur er um leið og heilnæmi hennar og meðfram því vellíðan notenda skólans er tryggð.

Góð auðlindanýting er ein af aðaláhersluatriðum grænna skóla. Því verður hugað að því við efnisval byggingarinnar að nýta umhverfisvæn, endurvinnanleg eða endurnýtanleg efni ásamt því að hugað verður að aðgengilegum og smekklefum flokkunarstöðvum innan skólans. Þá

verður horft til líftíma byggingarinnar með það markmið að tryggja notagildi hennar til framtíðar og halda rekstrarkostnaði í lágmarki.

Virgni og þátttaka notenda skólans byggir á vellíðan þeirra. Því verður horft til þess við hönnun að tryggja góða innivist byggingarinnar þar sem að notendur geti aðlagð rými að þörfum sínum á hverjum tíma.

Lóð og umhverfismál

Huga þarf vel að staðsetningu lóðarinnar og tengslum hennar við náttúru, umferða- og bílastæðamál, almenningssamgöngur og göngutengingar. Jafnframt þarf að taka tillit til þess að skólinn hýsir bæði leik- og grunnskóla.

Notkun vistvænna og endurnýtanlegra efna

Hér er m.a. átt við flokkun á endurnýtanlegum efnum við sorphirðu, stjórnun á efnisúrgangi við byggingu húss og lóðar, nýtingu innlendra byggingarefna, umhverfisvottaðra byggingarefna og endurnýtanlegra byggingarefna.

Hljóðvist

Hljóðvist skal vera skv. kafla 11 í BR og tilheyrandi stöðlum. Þegar kemur að kröfum um hljóðvist eins og segir til um í reglugerð er mikilvægt að gera ýrustu kröfur. Reynsla kennir að nauðsynlegt er að fara að ýrustu kröfum í öllum rýmum skóla. Einnig er farið fram á sérstaklega hljóðdempuð rými í húsinu svo sem hvíldarrýmum leikskóla, tónlistakennslurýmum og matsal (fjölnota sal). Tryggja verður að ekki verði of mikil eftirómun með því að bæta við nægjanlegum flötum með hljóðgleypanði efnum. Mikilvægt er að hönnuðir bendi á tillögur að auknum kröfum hvað varðar gæði hljóðvistar.

Lýsing, rafmagn

Samspil milli raflýsingar og náttúrulegrar birtu á að skapa aðlaðandi og vinalagt andrúmsloft þar sem börnum og starfsfólki líður vel. Hönnun byggingar og staðsetning glugga skal vera þannig að hægt sé að nýta dagsljós sem allra mest. Við gluggahönnun sé þess gætt að hún valdi ekki óþarfa sólarálagi í rýmum þar sem notendur eru langdvölum. Ljósastýring sé með einföldum hætti og sem allra mest á viðkomandi stað. Huga þarf vel að góðri útilýsingu.

Mikilvægt er að hönnuðir bendi á tillögur að auknum kröfum hvað varðar gæði lýsingar.

Tölvulagnir fyrir þráðlausa netsenda

Gera skal ráð fyrir eftirfarandi:

- 2 Cat5e lögnum með Cat5e tengil í lofti á minnst 30 metra fresti í opnu rými
- Ein Cat5e lögn á útvegg í horni hvers kennslu-/námsrýmis (kennslustofu). Cat5e tengill þessi skal vera staðsettur á útvegg 250-300cm hæð frá gólfi en aldrei nær lofti en 50cm.

Nánari útfærsla fer fram við endanlega rýmishönnun því áætla þarf þörf með hliðsjón af herbergjaskipan og þykkt veggja. Lagt er til að hönnun þessi sé prófuð með Cisco PRIME hugbúnaði sem UT deild hefur til umræða.

Tölvur og tölvulagnir í skrifstofurýmum, vinnurými kennara og bókasafni

Gera skal ráð fyrir eftirfarandi við hverja vinnuaðstöðu:

- 2 Cat5e lögnum við hvert skrifborð fyrir IP síma og tölvu
- Minnst fjórum 220V rafmagnstenglum við hvert skrifborð/vinnuborð

Tölvur og tölvulagnir í kennslurýmum

Gera skal ráð fyrir eftirfarandi í hverju náms-/kennslurými:

- 2 Cat5e lögnum við kennaraborð fyrir IP síma og tölvu
- Minnst fjórum 220V rafmagnstenglum við kennaraborð
- 1 Cat5e lögn á útværu horni hverrar skólastofu fyrir þráðlausan sendi (sjá einnig nánar undir „Tölvulagnir fyrir þráðlausa netsenda“)
- Minnst 10 220V rafmagnstengla á veggjum þannig að 10 nemendur geta hlaðið samtímis í hverri stofu

Inntaksrými (tæknirými)

Engar tölvu- eða smáspennulagnir skulu vera í inntaksrými. 2x16A rafmagn þarf að vera frá inntaksrými yfir í tölvumiðstöð. Inntak ljósleiðara óháð birgja skal leggja alla leið, heilsoðinn yfir í tækjaskáp tölvumiðstöðvar sem er annað rými. Leggja skal 40 mm. ídráttarrör frá tækjaskápi tölvumiðstöðvar skólans yfir í tækjaskáp sem staðsettur er í íþróttahúsi Kársnesskóla. Skv. reglum skal einnig bjóða öðrum ljósleiðarabirgjum að leggja sína ljósleiðara inn í tækjarýmið. Heppilegast væri að slíkir ljósleiðarar væru heilsoðnir alla leið inn í tækjarými.

Tölvumiðstöð

Tölvumiðstöð þarf að vera nægilega stór til að rúma vel: a. Skrifborð / vinnuborð með tölvu b. 80cm hillurekka c. Tækjaskáp sem er 80x80x200cm.

Inn í tölvumiðstöð skal inntak smáspennu ljósleiðara vera framlengt sem endastaður í tækjaskáp. Gera skal ráð fyrir 80X80X200 cm tækjaskáp með PDU og hafa toppviftu. Tryggja þarf gott loftflæði þannig að hitastig fari ekki yfir 25°C bæði í tölvumiðstöðinni og í tækjaskáp.

Í tækjaskápinn koma ljóstengiskúffur fyrir inntak ljósleiðara.

Í tækjaskáp koma einnig ljóstengiskúffur í aðra nettengiskápa skólans í stjörnutengingu ásamt CAT5e patch tenglum nærliggjandi nettengla eftir nánari raflagnahönnun.

Orkunýting

Gerð er krafa um góða einangrun útveggja og þaks til að lækka rekstrarkostnað byggingarinnar. Einnig skal horft til hagstæðs rekstrarkostnaðar þegar kemur til þátta eins og lýsingar, loftræstingar, hitakerfis, snjóbræðslukerfis og fleiri þátta sem tengjast orkunýtingu byggingarinnar.

Loftgæði

Loftgæði skulu vera skv. kafla 10 og 14.9 í BR og tilheyrandi stöðlum.

Loftgæði skólahúsnæðis skulu vera fullnægjandi með tilliti til lykta og mengunar og skal við hönnun tekið tillit til leiðbeiningar Umhverfisstofnunar þar að lútandi.

Stefnt skal að því að hafa loftræstingu sem náttúrulegasta en ljóst er að á álagssvæðum verður að koma upp loftræstikerfum. Sérstakar ráðstafanir skal gera í hönnun til að koma í veg fyrir sveppamyndun vegna raka. Mikilvægt er að hönnuðir bendi á tillögur að auknum kröfum hvað varðar loftgæði, einkum á þeim stöðum í húsi þar sem búast má við að mikill raki berist í hús. Sérstaklega skal gera grein fyrir lausnum um loftræstingu í nemendarymum, bæði sértækum og almennum.

Brunavarnir

Miklar kröfur eru gerðar til brunavarnakerfis byggingar og er gerð krafa um vatnsúðakerfi (sprinkler) í byggingunni sem og brunaslöngur, slökkvitæki, neyðarútganga og allt annað sem kveðið er á um í byggingar- og eldvarnarreglugerðum.

Eftirlitsmyndavélar

Gert verði ráð fyrir að hægt sé að setja upp eftirlitsmyndavélar á skólalóð, í aðalinngangi og þar sem trúnaðargögn eru geymd.

1.4 Rými

Staðsetning, aðgengi og aðgangsstýring að rýmum (bæði utan frá og innan úr skólanum) eins og félagsaðstöðu, fjölnota sölum/matsölum, hreyfirýmum, tónlistar-, list- og verkgreinaaðstöðu skiptir máli þar sem þetta er sú aðstaða sem nýtist öllu skólasamfélaginu, en einnig að loknum skóladegi í þágu grenndarsamfélags.

Aðalinngangur

Huga þarf vel að aðgengi hreyfihamlaðra og aðstandenda þeirra, s.s með hitalögnum í stæðum og á leið inn í húsið. Bílastæði fyrir fatlaða þurfa að vera stutt frá inngangi og nægilega mörg og stór.

Gera skal ráð fyrir tilkynningatöflu/skjá og sýningarsvæði við aðalinngang. Miklu varðar að aðalanddyri sé aðlaðandi og „bjóði fólk velkomið“. Aðalinngangur þjóni öllum börnum skólans.

Við hönnun skólans þarf að huga að aðstöðu fyrir skó, yfirhafnir og töskur fyrir leik- og grunnskólabörn.

Rými til náms í grunnskóla

Aðal náms-/kennslurými miðist við möguleika á teymiskennslu og samvinnunámi, m.a. með því að unnt sé að opna á milli skólastofa (færanlegir veggir). Áriðandi er að veggir í kennslurýmum bjóði upp á að hægt sé að sýna verk nemenda. Gera þarf ráð fyrir minni rýmum til einstaklingskennslu og kennslu lítilla hópa.

Í kennslurýmum þarf að vera aðstaða til að vinna verklega vinnu, stálvaskar og vaskaborð.

Hægt verði að ganga að utan í námsrymi á jarðhæð. Salerni séu í hverju námsrymi.

Rými til náms í leikskóla

Gert verði ráð fyrir fjórum deildum í leikskólarýminu fyrir allt að 80 börn. Tekið verður tillit til fjölda barna pr. deild út frá aldri þeirra hverju sinni, en áætlað leikrými, innan deildar, pr. barn verði 3,5 fm. Gera skal ráð fyrir salernisaðstöðu innan deildar ásamt fataherbergi. Rýmin þurfa að vera björt og með mjög góðri hljóðeinangrun.

Mikilvægt er að allt rými sé sveigjanlegt þannig að hægt sé að stækka það og minnka eftir stærð aldurshópa hverju sinni. Allur aðbúnaður þarf að vera þannig að hægt sé að bjóða upp á krefjandi og skemmtilegt starf sem hæfir getu, aldri og þroska barnanna. Gera þarf ráð fyrir að leikskólabörn hafi aðgang að öllum rýmum skólans.

Upplýsingaver

Upplýsingaver verði sem næst miðju skólans („hjarta“ skólans), opið og aðgengilegt öllum. Upplýsingamiðstöð á að nýtast sem bókasafn, gagnasafn og miðstöð upplýsingatækni og miðlunar. Mikil áhersla er á að safnið sé aðlaðandi og búið fjölbreyttum safnkosti með góðri aðstöðu fyrir börn og starfsfólk. Góð aðstaða þarf að vera fyrir starfsfólk upplýsingaversins.

Fjölnotasalur

Gert er ráð fyrir fjölnotasal sem skiptist, annars vegar í hátíðarsal með sviði og matsal og hins vegar aðliggjandi rými til hreyfingar, hóp- og hreyfileikja, danskennslu, leikrænnar tjáningar og slökunar. Fjölnotasal þarf að vera hægt að myrkva og gert er ráð fyrir búningaástöðu við svið. Einnig skal gera ráð fyrir hljóð- og skjákerfum.

Mikilvægt er að huga sérstaklega að myrkvun, hljóð- og ljósastýringu með einföldum hætti. Gæta þarf að inngangur sé fjærst sviði.

Hreyfirými þarf að vera stúkað af með hljóðeinangrandi hurðum og vera með mjúku gólfi. Ekki er gert ráð fyrir búningasklefum við hreyfirými en salernisaðstaða þarf að vera nálægt.

Tónlistarkennsla

Tónlistarkennslurými þarf að vera í tengslum við fjölnotasal og sérstaklega rúmgott. Það þarf að vera hljóðeinangrað og bjart. Aðgengi þarf að vera að hljóðeinangrandi rýmum, (um 8–15 m²) til hljóðfærakennslu og upptöku á verkefnum sem raskar ekki öðru starfi í skólanum. Einnig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir kóra skólans. Mikilvægt er að hægt sé að koma hljóðfærum með auðveldum hætti milli rýma. Rými til tónlistarkennslu einstakra nemenda þurfa vera með gluggum þar sem það á við.

List- og verkgreinarými

Húsnæði fyrir list- og verkgreinar myndi sjálfstæðan kjarna til margvíslegrar sköpunar. Í kjarnanum verði auk þess vinnuaðstaða fyrir kennara ásamt efnisgeymslum. Gert er ráð fyrir rýmum fyrir smíði, textíl, myndlist og heimilisfræði auk sameiginlegs rýmis til samþættingar þessara greina og við bóknað. Tryggja þarf góð tengsl á milli þessara rýma, en þó ekki þannig að ganga þurfi í gegnum eitt til að komast í annað.

Innréttingar og allir yfirborðsfletir í list- og verkgreinarýmum verða að hæfa notkun og vera auðveldir í þrifum. Mikilvægt er að hafa í huga ólíkan aldur barna sem nýta aðstöðuna.

Vísindasvæði

Ákveðið svæði verði vísinda- og raungreinasvæði, þ.e. ætlað fyrir líf-, eðlis-, efna-, jarð-, veður- og stjörnufræði. Svæðið felur í sér aðstöðu með þeim tækjum sem til þarf við raungreinakennslu og aðstöðu til úrvinnslu úr vettvangsferðum, inni eða úti (sullskúr). Aðgengi þarf að vera frá lóð skólans að vísindasvæði. Gera þarf ráð fyrir vinnuaðstöðu fyrir kennara.

Frístund/dægradvöl

Frístund/dægradvöl hefur sérstakt heimasvæði. Húsnæðið taki mið af þörfum barna, henti starfseminni og ákveðinn aðbúnaður sé til staðar svo hægt sé að bjóða upp á krefjandi og skemmtilegt tómstundastarf sem hæfir getu, aldri og þroska barna sem starfið stunda.

- Frístundaheimili hafi húsnæði í nálægð við gott leiksvæði og sömuleiðis í nálægð við gott útivistarsvæði.
- Mögulegt þarf að vera að nýta annað húsnæði skólans eins og kostur er, s.s. upplýsingaver, íþróttahús, list- og verkgreinastofur og leiksvæði.

Eldhús

Rými sem ætlað er fyrir eldhús/mötuneyti geti rúmað framleiðslueldhús.

Vinnuaðstaða stjórnenda

Verði sem næst aðalinngangi og í nálægð við ritara. Aðstaða verði fyrir tvo aðalstjórnendur auk deildarstjóra. Í skrifstofum stjórnenda verði fundaaðstaða.

Fundarherbergi og viðtalsherbergi

Í húsinu verði eitt fundarherbergi sem rúmar allt að 12 fundarmenn. Viðtalsherbergi verði tvö og rúmi fjóra til fimm.

Ritari

Gera þarf ráð fyrir afgreiðslu þar sem gæti verið vinnustöð ritara og æskilegt er að hún sé tengd stjórnun og aðalinnkomu í skólann – og leiðin þangað frá útidrym þarf að vera greið.

Gagnasmiðja

Í þessari aðstöðu þarf að vera gott geymslupláss og hægt að fjölfalda, prenta og vinna ýmis gögn sem varða skólastarfið. Gagnasmiðja skal vera í nálægð við ritara.

Skjalageymsla

Geymslan á að uppfylla kröfur Þjóðskjalasafns varðandi vistun gagna um börn skólans og skólastarfið (sjá t.d. : http://skjalasafn.is/leidbeiningar_um_skjalavorslu_sveitarfelaga).

Skólabjónusta og hjúkrunarfræðingur

Skrifstofur fyrir sérkennslustjóra, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðing og talmeinafræðing þurfa að vera í tengslum við náms-/kennslurými, gæta þarf að hljóðvist og aðgengi. Gert er ráð fyrir að talkennari og sálfræðingur deili rými. Náms- og starfsráðgjafi og sérkennslustjóri þurfa að geta tekið á móti hópum barna.

Skólahjúkrun og þjónustuherbergi fatlaðra

Rýminu skal vera hægt að loka alveg af vegna verkefna sem varða skólahjúkrun. Þá nýtist það einnig þegar upp koma slys á börnum og starfsfólki. Samliggjandi þjónustuherbergi fatlaðra á að henta fötluðum nemendum (þar með talið sturta fyrir einstaklinga í hjólastól) en getur einnig nýst heilsugæslunni, t.d. við sjónmælingar.

Vinnuaðstaða kennara

Skapaðar verði vinnuaðstæður fyrir teymi kennara sem næst náms-/kennslurými viðkomandi teymis. Aðstaðan þarf að rúma námsgögn.

Starfsmannaaðstaða

Kaffistofa starfsfólks sé rúmgóð svo hún nýtist líka sem fundaraðstaða fyrir starfsmannafundi. Í starfsmannaaðstöðu þarf einnig að vera fatahengi, læstar hirslur fyrir starfsmenn, lokuð salerni með vaski (ekki inn af kaffistofu) og sturta.

Geymslur

Geymslur þurfa að vera rúmgóðar á nokkrum stöðum í húsinu fyrir margvíslegan búnað sem varðar skólasterfið. Þar þarf að gera ráð fyrir góðum hillum eða skápum.

Aðstaða húsvarða

Aðstaða húsvarðar skiptist í áhaldageymslu, skrifstofuaðstöðu og aðstöðu til minniháttar viðhalds.

Ræstinga og þvottaaðstaða

Gera þarf ráð fyrir góðri aðstöðu fyrir ræstivagna og annan ræsingabúnað á nokkrum stöðum í húsinu. Þvottaaðstaða þarf að vera góð þar sem um er að ræða samrekinn leik- og grunnskóla.


Skólalóðin

Krafa er gerð um góða aðkomu að byggingunni svo sem fyrir skólabíl, hreyfihamlaða, vörumóttöku, starfsfólk og foreldra. Gert er ráð fyrir bílastæðum á lóð ásamt hringtorgi með „sleppistæðum“ til að gera hringakstur mögulegan og flýta þannig fyrir gegnumstreymi umferðar þar sem skólabörnum er skilað og þau sótt. Gera skal ráð fyrir aðstöðu til geymslu reiðhjóla og hlaupahjóla.

Gerð er krafa um að lóð verði skemmtileg og þroskandi fyrir öll börn, góð og örugg leiktæki. Þá er gert ráð fyrir hópsvæði fyrir fjölbreytta útikennsluSkólalóðin á að nýtast jafnt til náms og leikja. Gera skal ráð fyrir svokölluðu útikennslusvæði/kennslugarði, eins og best hafa verið þróuð hérlandis og erlendis. Boltasvæði á að vera fjarri húsinu. Á lóðinni verði skjólgóður gervigrasvöllur. Tryggja þarf að hægt sé að stýra aðgengi nemenda að lóð og leiktækjum eftir aldri þeirra.

Við hönnun lóðarinnar skal litið til hugmynda nemenda um leiktæki (sjá í skýrslu um niðurstöður nemendapings).

Taka þarf tillit til aldurs barna við skipulag lóðar, þar sem svæði leikskólabarna þarf að vera afgirt. Gera þarf ráð fyrir lokuðu rými fyrir allra yngstu börn skólans, innan leikskólarýmisins.



1.5 Tengsl við íþróttahús

Gert verði ráð fyrir að íþróttahús sem fyrir er á lóð sé tengt skólabyggingu og greiðar leiðir þar á milli.

1.6 Lög og reglugerðir

Við hönnun skal stuðst við eftirfarandi lög og reglugerðir:

- Lög nr. 90/2008, um leikskóla eins og þeim var breytt með lögum nr. 38/2009 (mars 2009) og 126/2011.
- Lög nr. 91/2008, um grunnskóla eins og þeim var breytt með
 - o lögum nr. 34/2009 (mars 2009).
 - o lögum nr. 35/2009 (mars 2009).
 - o lögum nr. 38/2009 (mars 2009).
 - o lögum nr. 91/2011 (júlí 2011).
 - o lögum nr. 126/2011 (sept. 2011).
 - o lögum nr. 180/2011 (des. 2011).
 - o lögum nr. 56/2014 (júní 2014).
- Aðalnámskrá leikskóla
- Aðalnámskrár grunnskóla.
- Reglugerð nr. 655/2009, um starfsumhverfi leikskóla.
- Reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða (júlí 2009).
- Reglugerð nr. 724/2008, um hávaða
- Reglugerð nr. 921/2006, um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum.
- Byggingarreglugerð.
 - o Fara skal eftir byggingarreglugerð er tók gildi 8. febrúar 2012. Breytt með reglugerð nr. 1173/2012 (des. 2012).
 - o Reglugerð nr. 350/2013 (apríl 2013).
 - o Reglugerð nr. 280/2014 (mars 2014).